

**226. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti,
21. febrúar 2019, kl. 15:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Agnes Geirdal, Óttar Bragi Þráinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Lagt var til að taka inn á dagskrá fundarins samning við Gámapjónustuna um sorphirðu (19. liður á dagskrá), umsagnarbeiðni vegna breytingar á kosningalögum (25. liður á dagskrá) og viðauka við fjárhagsáætlun (20. liður á dagskrá). Var það samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 1901037

171. fundur skipulagsnefndar haldinn 13. febrúar 2019

-liður 4, Dalbraut 6 L167846 og 8 L167838; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - 1901063 KSK eignir leggja fram tillögu dagsetta 24.1.2019, að breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis á Laugarvatni. Tillagan gerir ráð fyrir að sameina lóðir nr. 6 og 8 við Dalbraut og að byggingarreitir á Dalbraut 8 stækki til suðurs, austurs og vesturs. Einnig er óskað eftir að skilmálabreyting verði vegna þakforms þ.e. 10-30 gráður eða einhallandi þak. Ofangreindar breytingar eru skilgreindar í gildandi deiliskipulagi frá 2012 fyrir lóðirnar Dalbraut 6-12. Markmið breytingarinnar er að gera mögulega stækkun á núverandi verlsunarhúsnæði og jafnvel öðrum smærri verlsunarrekstri til viðbótar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. sömu laga.

-liður 6, Hvítárakki lóð 2 L219241; Stækkun húss; Fyrirspurn - 1902009

Margeir Jóhannesson leggur fram fyrirspurn um hvort leyfi fái til að byggja við núverandi sumarhús á Hvítárakka lóð 2, landnr.219241, í landi Hvítárakka í Bláskógabyggð. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu og er einungis um að ræða stakt sumarhús á jörðinni. Humdyndin er að lengja núverandi sumarhús um 2 metra til suðurs.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út leyfi til stækkunar á sumarhúsi í samræmi við fyrirspurn, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 7, Stekkur 1 L168122; Aukið byggingarmagn; Fyrirspurn - 1902014

Guðrún Rakel Viðarsdóttir og Hilmar Sigurðsson leggja fram fyrirspurn, um hvort heimild fái til að gera skilmálabreytingu á gildandi deiliskipulagi þriggja lóða í landi Snorrastaða í Bláskógabyggð. Um er að ræða lóðirnar Stekkur 1,2, og 5, austan Stekkár. Óskað er eftir að fá heimild til að byggja 50m² bílskúr/geymslu á lóð Stekk 1.

Sveitarstjórn synjar beiðni um skilmálabreytingu. Lóðin Stekkur 1. er 5000m² að stærð og hefur í gildandi deiliskipulagsskilmálum frá 2013, nýtingarhlutfallið 0,03.

Ekki er minnst á í skilmálum um leyfi til byggingar aukahúss. Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er gert ráð fyrir að aukahús í frístundabyggðum fari ekki yfir 40 m² að stærð.

-liður 8, Hverabraut 1 Laugarvatn Deiliskipulagsbreyting - 1504049

Lögð fram að lokinni auglýsingu (skv. 1.mgr 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010) breyting á deiliskipulagstillögu við Fontana á Laugarvatni, í Bláskógabyggð. Breyting deiliskipulagsins felst í því að kvöð um aðgengi meðfram strönd Laugarvatns er felld niður innan lóðarinnar Hverabraut 1 og mun stígurinn fara vestur fyrir Hverabraut 1, þar sem fyrirhugað er að opna ferðamannastaðinn út mót vatni. Tillagan var auglýst frá 19. desember 2018 til 30. janúar 2019. Ein athugasemd barst við tillögunni dags.30.1.2019, frá Jóni Snæbjörnssyni og gerir hann athugasemd við að ekki sé beðið eftir niðurstöðu starfshóps og ráðgjafa um heildarendurskoðun deiliskipulags þéttbýlis á Laugarvatni og þá sérstaklega með tilliti til uppbyggingar gestastofu í gamla Laugarvatnsbænum. Einnig bendir hann á mikilvægi hlaupa og hjólaleiða með vatnsbakka Laugarvatns, og telur ekki heppilegt að beina göngu og hjólaþólki um og við anddyri Fontana.

Málefni Fontana hefur fengið ítarlega umfjöllun og kynningu, nú síðast á íbúafundi dags 16.1.2019. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Engin teljandi andstaða kom fram á fundinum með sterkum rökum um að almannahagsmunum væri stefnt í voða.

Sveitarstórn Bláskógabyggðar samþykkir tillöguna skv. 1.g. 43.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu skv. 42.gr. skipulagslaga.

Þá er skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemd Jóns Snæbjörnssonar.

-liður 9, Skálholt lnr. 167166 Deiliskipulag - 1705001

Lögð fram að lokinni auglýsingu (skv. 1.mgr 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010) breyting á áður auglýstri deiliskipulagstillögu Skálholts í Bláskógabyggð.

Tillaga og greinargerð voru auglýstar frá 18. apríl til 31. maí 2018. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofu Íslands, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands. Einnig bárust athugasemdir frá einstaklingum þ.e. frá Þorfinni Þórarinssyni dags. 6.5.2018 og Guðmundi Ingólfssyni og Elínborg Sigurðardóttur dags.23.5.2018. Athugasemdir þeirra voru á sömu lund þ.e. að þau leggja til að gera þurfi tengiveg innan Skálholtssvæðisins, þannig að ekki þurfi að fara út á þjóðveg til að fara á milli kirkjusvæðis annars vegar og hins vegar Skálholtsbýlisins. Gerðar hafa verið breytingar á tillögunni dags. 11.12.2018, eftir auglýsingartíma sem koma til móts við þá sem gerðu athugasemdir, og hefur verið afmarkaður vegur innan svæðis þ.e. tengivegur frá vegi að kirkju yfir að Skálholtsbýli og kirkjugarði. Við breytinguna mun verða lokað fyrir núverandi tengingu við Skálholtsveg að býlinu og kirkjugarði. Tillagan og greinargerð dagsett 11.12.2018, var auglýst að nýju með ofangeindum breytingum frá 19.desember 2018 til 30. janúar 2019 s.l. og bárust engar athugasemdir við tillögunni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir breytta tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til afgreiðslu Skipulagsstofnunar í samræmi við 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 12, Gröf lóð (15C) L196564; Setberg; Aukahús; Deiliskipulagsbreyting - 1808029

Leiðrétting vegna umsóknar frá fundi skipulagsnefndar 22.8.2018.

Lögð fram að nýju umsókn Þórhalls Jóhannessonar dags. 16.08.2018, lóðarhafa lóðarinnar Gröf lóð (15C) L196564, þar sem óskað er eftir breytingu á byggingar- og skipulagsskilmálum frístundasvæðisins Setbergs sem nær yfir eina lóð (nr. 4) Grafar á þann hátt að byggja megi 32 fm gestahús á lóðinni. Skv. núgildandi deiliskipulagi er aðeins heimilt að byggja eitt, allt að 100 fm, sumarhús innan byggingarreits.

Sveitarstjórn samþykkir breytinguna og telur hana vera óverulega skv. 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal tillagan grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - afgreiðslufundur - 1901038

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 19 - 94. fundur haldinn 6. febrúar 2019.

Fundargerðin staðfest.

3. Fundargerð stjórnar Bláskógaveitu - 1901039

90. fundur stjórnar Bláskógaveitu haldinn 6. febrúar 2019

Fundargerðin var staðfest. Stjórn Bláskógaveitu vísaði á samningsdrögum vegna samnings við ríkið um jarðhitaréttindi á Laugarvatni til sveitarstjórnar. Málið verður tekið sérstaklega fyrir undir 15.lið á dagskrá fundarins.

4. Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga - 1902041

191. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, haldinn 11. febrúar 2019, ásamt ársreikningi fyrir árið 2018 og upplýsingum um stöðu biðlista eftir námi við TÁ, dags. 18. febrúar 2019.

Fundargerðin var lögð fram ásamt ársreikningi og upplýsingum um stöðu biðlista.

5. Fundargerð verkfundar vegna byggingar leikskólans Álfaborgar, fyrri verkhluti - 1808001

7. verkfundur vegna byggingar leikskólans Álfaborgar (verkhluti I), haldinn 12. febrúar 2019

Lögð var fram fundargerð verkfundar. Áætlað er að verklok fyrri áfanga verði 15. mars n.k.

6. Fundargerð stjórnar SASS - 1901045

543. fundur stjórnar SASS, haldinn 1. febrúar 2019.

Fundargerðin var lögð fram.

7. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga - 1902026

15. fundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn 19. febrúar 2019.

Fundargerðin var lögð fram.

8. Boð á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 2019 - 1902047

Boð á ungmennaráðstefnu UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, sem haldin verður 10. til 12. apríl 2019 í Borgarnesi.

Sveitarstjórn vísar erindinu til ungmennaráðs.

9. Keppni í ökuleikni og nákvæmnisakstri - umsókn um leyfi fyrir afnotum af knattspyrnuvelli - 1902042

Beiðni Tryggva M. Þórðarsonar, f.h. keppnisstjórnar HERO Icelandic Saga 2019, dags. 11. febrúar 2019 um leyfi til að nota knattspyrnuvöll (malarvöll) á Laugarvatni til að halda ökuleikni hinn 7. september 2019

Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir notkun á malarvelli á Laugarvatni fyrir ökuleikni hinn 7. september n.k.

10. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 - 1902038

Erindi sviðsstjóra þróunarviðs SASS, dags. 15. febrúar 2019, um tilnefningu fjögurra fulltrúa á samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024.

Afgreiðslu er frestað til næsta fundar.

11. Trúnaðarmál - 1902039

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

12. Beiðni um samning eða samstarfsyfirlýsingu vegna verndunar hraunhella - 1802018

Beiðni Árna B. Stefánssonar, dags. 9. febrúar 2019, um samstarf við HrfÍ (Hellarannsóknafélag Íslands) vegna aðgengisstýringa að hraunhellum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að gera viljayfirlýsingu um verndun hella innan sveitarfélagsins og stýringar á aðgengi að þeim og felur oddvita og sveitarstjóra að vinna drög að viljayfirlýsingu.

13. Kynningarblað vegna heimsleika Special Olympics - 1902040

Styrkbeiðni Íþróttasambands fatlaðra, dags. 13. febrúar 2019, vegna útgáfu kynningarblaðs um heimsleika Special Olympics.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

14. Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð - 1805099

Tilboð fjarskiptasjóðs og/eða Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna Ísland ljóstengt til Bláskógabyggðar vegna lagningar ljósleiðara, dags. 18. febrúar 2019.

Lögð voru fram gögn frá fjarskiptasjóði. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að vinna að málinu.

15. Samningur um jarðhitaréttindi á Laugarvatni - 1902019

Drög að samningi Bláskógaveitu við íslenska ríkið og Bláskógabyggð um nýtingu jarðhitaréttinda á Laugarvatni, ásamt tölvupósti fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 18. febrúar 2019.

Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin með þeirri breytingu sem kynnt var í tölvupósti fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2019. Sveitarstjórn felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. Bláskógabyggðar sem eiganda 25% jarðhitaréttinda og vegna Bláskógaveitu sem réthafa. Gerð er grein fyrir tekjum og gjöldum vegna samningsins í viðauka við fjárhagsáætlun sem er á dagskrá 20. liðar þessa fundar.

16. Viðbragðsáætlun vegna samfélagsáfalla, langtímaviðbrögð - 1902049

Viðbragðsáætlun Bláskógabyggðar vegna langtímaviðbragða við samfélagsáfallum

Lögð var fram viðbragðsáætlun Bláskógabyggðar vegna langtímaviðbragða við samfélagsáfallum. Áætlunin er unnin af starfsmönnum Bláskógabyggðar í samstarfi við Lögreglustjórn á Suðurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.

17. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs (sorphirðu) - 1902052

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, fyrri umræða.

Sveitarstjórn vísar samþykktinni til síðari umræðu.

18. Samningur við UMFÍ um afnot af Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni vegna ungmennabúða - 1805083

Samningur Bláskógabyggðar við UMFÍ um leigu á Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni

Drög að samningi um leigu UMFÍ á Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni til 10 ára voru lögð fram. Samningurinn felur í sér leigu á Hverabraut 6-8, Laugarvatni (heimavist og tveimur íbúðum), ásamt afnotum af íþróttamannvirkjum á Laugarvatni vegna skólabúða sem UMFÍ hyggst reka þar. Umræður urðu um málið. Sveitarstjórn fagnar því að samningar skuli hafa náðst um verkefnið og samþykkir samninginn. Oddvita sveitarstjórnar er falið að rita undir hann. Gerð er grein fyrir tekjum og rekstrargjöldum vegna samningsins í viðauka við fjárhagsáætlun sem er 20. liður á dagskrá þessa fundar.

19. Sorphirða - breytingar á sorphirðu 2019. - 1901016

Samningur við Gámaþjónustuna um sorphirðu, hirða lífræns úrgangs.

Lagður var fram viðauki við verksamning Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningsshrepps og Gámaþjónustunnar, dags. 26. júlí 2016. Viðaukinn felur í sér breytingar á sorphirðu vegna hirðu á lífrænum úrgangi frá heimilum og stofnunum og vinnslu lífræns úrgangs á starfsstöð verkta. Jafnframt felur samningurinn í sér kaup á tunnum fyrir lífrænan úrgang og litlum ílátum til að hafa inni á heimilum. Sveitarstjórn staðfestir samninginn. Gerð er grein fyrir kostnaði við þjónustuna og kaup á ílátum í viðauka við fjárhagsáætlun sem er liður nr. 20 á dagskrá þessa fundar.

20. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019 - 1902055

1. viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019

Lagður var fram viðauki við fjárhagsáætlun vegna samnings við UMFÍ, samnings um sorphirðu,

samnings um jarðhitaréttindi og tvö viðhaldsverkefni. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

21. Rekstrarleyfisumsókn v/Sigurhæða, Austurbyggð 7, beiðni um umsögn - 1809030

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 29. ágúst 2018, um umsögn um umsókn um rekstrarleyfi vegna Austurbyggðar 7, fastanr. 229 5713, gististaður í flokki II (íbúðir), umsækjandi Sigurhæðir Laugarási ehf. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa er liður 18 í fundargerð afgreiðslufundar 19 - 94.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um erindið.

22. Rekstrarleyfisumsókn v/Sigurhæða, Austurbyggð 24, beiðni um umsögn - 1809031

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 29. ágúst 2018, um umsögn um umsókn um rekstrarleyfi vegna Austurbyggðar 24, fastanr. 220 5667, gististaður í flokki II (íbúðir), umsækjandi Sigurhæðir Laugarási ehf. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa er liður 17 í fundargerð afgreiðslufundar 19 -94.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um erindið.

23. Þingsályktunartillaga um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál - 1902045

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2019, um umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál. Frestur til að veita umsögn er til 28. febrúar n.k.

Lagt fram.

24. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd, 495. mál - 1902046

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2019, um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra), 495. mál. Umsagnarfrestur er til 27. febrúar nk.

Lagt fram.

25. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) - 1902006

Beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 31. janúar 2019 um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, áður á dagskrá á 225. fundi. Frestur til að veita umsögn er til 21. febrúar. Einnig lögð fram umsögn ungmennaráðs Bláskógabyggðar vegna málsins.

Sveitarstjórn er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk varðandi málefni sem varða íbúa og samfélagið. Sveitarstjórn telur rétt að fyrstu skref á slíkri vegferð séu stofnun ungmennaráða, sem starfa nú í mörgum sveitarfélögum, hvatning til vals á ungu fólki í nefndir sveitarfélaga og sérstök fræðsla um lýðræðis- og stjórnsmál og stjórnsýslu almennnt. Ungmennaráð Bláskógabyggðar leggur áherslu á að fræðsla um stjórnsmál verði gerð að skyldu í 8. til 10. bekk og tekur sveitarstjórn undir það sjónarmið. Gera má ungmennaráð virkari í stjórnsýslu sveitarfélaga og hafa nokkur sveitarfélög stigið það skref að veita fulltrúum úr ungmennaráðum sæti í nefndum sem áheyrnarfulltrúar. Huga má einnig að því að skipa ungmenni til setu í starfshópum sem sveitarfélög starfrækja oft um afmörkuð viðfangsefni.

Löggræðisaldur miðast nú við 18 ára aldur og miðast það aldursmark við það að börn fái að vera börn fram að þeim aldri og þau séu þannig vernduð fyrir áreiti og ógnum samfélagsins.

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Einnig bendir sveitarstjórn á að skoða megi það að fleiri réttindi yrðu samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.

26. Framboð til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga - 1902043

Auglýsing Lánasjóðs sveitarfélaga eftir framboðum til stjórnar, dags. 11. febrúar 2019.

Lagt fram.

27. Könnun um vinnuskóla fyrir ungmenni - 1902044

Kynning Umboðsmanns barna, dags. 7. febrúar 2019, á niðurstöðum könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni

Lagt fram.

28. Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - 1812008

Erindi sveitarstjóra Húnavatnshrepps, dags. 31. janúar 2019, þar sem kynnt er bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps varðandi miðhálandisþjóðgarð.

Lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir að taka erindið til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 17:10.

Helgi Kjartansson

Agnes Geirdal

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Róbert Aron Pálmason

Ásta Stefánsdóttir
